

Paulinn 2025

Fullorðins og krakka

Hálshnjúkur

Ekið er í Fnjóskadal og inn í Vaglaskóg að Efri-Vöglum þar sem hægt er að leggja bílum.

Leiðin á fjallið er stikuð.

Gengið er á Hálshnjúkinn eftir stikaðri leið upp hlíðina. Af hnjúknum er frábært útsýni yfir Fnjóskadal og Ljósavatnsskarð. Sama leið er farin til baka.

Vegalengd fram og til baka er 4 km.

Gönguhækkun er um 400 m.

Athugið:

Göngufólk er vinsamlegast beðið um að sýna náttúrunni virðingu. Þar sem farið er um afréttarland er ekki æskilegt að vera með lausa hunda og ef opna þarf hlið á göngunni er nauðsynlegt að muna eftir að loka þeim aftur.